

Ársfundur Fuglahundadeildar HRFÍ

Haldinn 26. Febrúar 2017 í Síðumúla 15 kl. 13:00

Mættir voru 14 deildarmeðlimir

Albert Steingrímsson formaður setur fundinn og tilnefnir Sigrúnu Huldu Jónsdóttur sem fundarstjóra og Guðbjörgu Guðmundsdóttir fundarritara.

Fundarstjóri kannar lögmæti fundarins

Beiðni kom frá fundargesti um að meginlandsveiðiprófið yrði kynnt áður en gengið yrði til stjórnarkjörs, fundurinn samþykkti það.

Formaður flytur ársskýrslu stjórnar, hún samþykkt án athugasemda. Nokkrar umræður spunnust við lestur ársskýrslu, m.a. hversu fáir deildarmeðlimir eru. Þá kom athugasemd um að það þyrfti að setja inn á heimasíðuna upplýsingar um farandbikara deildarinnar sem flestir eru tengdir heiðaprófunum. Lagt í hendur nýrrar stjórnar að skýra hvaða árangur hundur þarf til að hljóta hvern bikar fyrir sig og koma þeim upplýsingum á heimasíðuna.

Unnur Unnsteinsdóttir gjaldkeri kynnti rekstrarreikninga deildarinnar, nokkrar umræður spunnust um þá og þeir voru samþykktir án athugasemda.

Haukur Reynisson kynnti meginlandshundaprófið. Það verður haldið 17. apríl, sænski dómariinn Jan Teien (Kennel Teien) hefur þegið boð um að dæma prófið og halda fyrirlestur og námskeið 13. – 16. apríl, búið er að bóka Sólheimakot fyrir þetta.

Töluverðar umræður spunnust um þetta málefni, m.a. var spurt út af hverju stjórn hafði ekki kynnt þessi próf áður en sótt var um þau til að meiri sátt væri um prófin. Því var svarað að stjórn hefði viljað vita fyrst hvort HRFÍ myndi samþykkja þetta nýja próf. Nokkrar umræður sköpuðust einnig um munin á veiðiprófsreglum í Noregi og Svíþjóð en veiðiprófsreglur hér á landi eru þýddar úr norsku veiðiprófsreglunum.

Næst var gengið til stjórnarkjörs, en 4 sæti voru laus, Albert Steingrímsson, Kristín Jónasdóttir og Unnur A Unnsteinsdóttir hafa öll setið í 2 ár. Þorsteinn Friðriksson baðst lausnar frá stjórnarsetu þar sem hann á Enska Seta og stofnuð var sérdeild um þá á síðasta ári. Fyrst var kosið um þau sæti sem eru til 2. ára en Kristín Jónasdóttir og Unnur A Unnsteinsdóttir gáfu kost á sér áfram til stjórnar og að auki buðu Atli Ómarsson og Dagfinnur Smári Ómarsson sig fram til stjórnarsetu. Kosning var skrifleg og fóru atkvæði þannig : Unnur A Unnsteinsdóttir hlaut 13 atkvæði, Atli Ómarsson 12 atkvæði, Kristín Jónasdóttir hlaut 9 atkvæði og Dagfinnur Smári Ómarsson hlaut 5 atkvæði. Því næst var gengið til kosninga um það sæti sem laust var til eins árs stjórnarsetu og buðu Dagfinnur Smári Ómarsson og Hulda Jónasdóttir sig fram. Hulda hlaut 8 atkvæði og Dagfinnur 5.

Önnur mál voru engin og fundi slitið kl. 14:30.

